Örn Pálsson, framkvæmdastjóri LS, skoraði á stjórnvöld að bæta 50 þús. tonnum við þorskkvótann

Það munar um 7,5 milljarða í galtóman ríkiskassann

Nýtingasamninga strax, sérstök ívilnun í ýsu á grunnslóð, þorskkvótinn verði aukinn um 50 þúsund tonn, strandveiðar verði viðbót við heildaraflann og óhindrað framsal. Þetta eru meðal helstu atriða sem Örn Pálsson, framkvæmdastjóri Landssambands smábátaeigenda, drap á í ræðu sinni á aðalfundi LS.

KJARTAN STEFÁNSSON
kjartan@fiskifrettir.is



Örn Pálsson flytur ræðu sína á aðalfundi LS. MYND/HAG

> LS hefur af þessum sökum hvatt sjávarútvegsráðherra til að ívilna sérstaklega ýsuveiðum dagróðrabáta á grunnslóð.

Smábátaeigendur hafa eins og aðrir útgerðarmenn tryggt atvinnu sína með veiðirétti sem veitir þeim árlega veiðiheimildir í hlutfalli við rétt þeirra í hverri tegund. Engan þarf að undra að þeir séu ráðvilltir þegar þeir standa frammi fyrir frumvarpi sem skerðir þessi réttindi og getur í sumum tilfellum orðið til þess að þeir þurfa að hverfa frá atvinnu sinni vegna skilyrða sem sett eru og þeir sjá sér ekki fært að uppfylla," sagði Örn Pálsson er hann fjallaði um fyrirhugaðar breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu.

Samkomulag um nýtingu

„Smábátaeigendur eru tilbúnir að afsala sér eignarrétti eða öllu tilkalli til hans á auðlindinni. Þeir telja að hún sé í eigu þjóðarinnar en veiðirétturinn sé í þeirra höndum. Skerpa ætti á þessum skilningi þar sem þjóðin gerir við þá samkomulag um nýtingu á auðlindinni með veiðum. Þannig yrði réttindi hvers og eins tryggð og þar með að þjóðin nyti arðs frá þeim sem geta og kunna hvað best að ganga með ábyrgum hætti um auðlindina," sagði Örn. Hann bætti því við að brýnt væri að gera slíkan samnings strax óháð öðrum breytingum á leikreglum innan kerfisins.

Áherslur smábátaeigenda

Örn sagði að helstu áherslur smábátaeigenda væru þessar: Framsal verði án hindrana innan veiðikerfa. Framsal verði einnig án hindrana frá stærri skipum til minni - úr aflamarki í krókaaflamark. Ívilnun nái til allra dagróðrabáta. Ónýttur ufsi fyrra fiskveiðiárs verði veiddur á handfæri á yfirstandandi fiskveiðiári. Veiðiheimildir til strandveiða verði viðbót við ákvörðun um heildarafla.

Sérstök ívilnun í ýsu

Fram kom hjá Erni að yfirstandandi fiskveiðiár yrði erfitt. Skerðing væri í veiðum á ýsu, ufsa og steinbít og jafnvel einnig á grásleppu. Ýsan væri reyndar bara á niðurleið miðað við mælingar Hafró í togararalli. Hins vegar leitaði ýsan í meiri mæli á grunnslóð, góð ýsa sem skilaði sér ekki inn í útreikninga Hafró. Örn gat þess að LS hefði af þessum sökum hvatt sjávarútvegsráðherra til að ívilna sérstaklega ýsuveiðum dagróðrabáta á grunnslóð.

Þorskkvótinn verði 225 þúsund tonn

Örn sagði að enn eitt fiskveiðiárið væri nú gengið í garð þar sem veiðiheimildir í þorski væru ekki í takt við upplifun sjómanna. „Að mínu mati og fjölmargra annarra, sem byggja þekkingu sína á yfirlegu talnagagna, skýslna frá Hafró og samtölum við sjómenn, mun þorskstofninn ekki bera skaða af þótt nýtingarstefna verði stillt við 225 þúsund tonna veiði," sagði Örn.

Fram kom í máli Arnar að frá og með árinu 2007 hefði veiðistofn þorsks verið í vexti. Nú mældist hann 969 þúsund tonn og hærri tala hefði ekki sést í 22 ár, eða frá árinu 1989 þegar stofninn mældist milljón tonn. Örn sagði að bæði heildarstofn og hrygningarstofn þorsks myndi halda áfram að vaxa þótt kvótinn yrðu aukinn.

20 milljarða útflutningsverðmæti

Örn skoraði á stjórnvöld að bæta án tafar 50 þúsund tonnum við þorskkvótann. Það jafngilti 20 milljörðum í aukið útflutningsverðmæti, myndi gefa 12,5 milljarða í aflaverðmæti og skila rúmum helmingi þess í ríkissjóð. „Það munar um 7,5 milljarða í galtómann ríkiskassann," sagði Örn.